

1. LIÐUR: Auðkenni efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Auðkenni vöru

Vöruheiti:	TERPENTÍNA
Lýsing á vöru:	Þynnir
Tegund vöru:	Vökvi
Aðrar leiðir til auðkenningar:	Ekki fyrirbyggjandi.

1.2 Viðeigandi tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

Notkunarsvið:	Yfirborðsmeðhöndlun
Skilgreind notkun	Fyrir fagmenn og í iðnaði

1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins

Framleiðandi /seljandi:	Málning hf
Aðsetur:	Dalvegur 18
Póstnúmer og staður:	201 Kópavogur
Sími framleiðanda:	580 6000
Tengiliður:	Tæknideild Málningar
Netfang:	oryggisblod@malning.is

1.4 Neyðarsímanúmer

Neyðarsími: Landspítali Háskólasjúkrahús	543 2222
Eitrunarmiðstöð	

2. LIÐUR: Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

Skilgreining á vöru:	Blanda
----------------------	--------

Flokkun samkv. reglugerð (EB) Nr. 1272/2008 [CLP/GHS]

Flam. Liq. 3, H226
Asp. Tox 1; H304
Stot Re 2, H372
Aquatic Chronic 2, H411
EUH 066

Flokkun samkv. Reglugerð 1999/45/EB (DPD)

Flokkun:	H10
	Xn; H65
	H66, H67
	N; H 51/53

Eðlisfræðileg/ efnafræðileg hætta:	Eldfimt
---------------------------------------	---------

Hættulegt heilsu manna: Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Umhverfishætta: Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Í kafla 16 er að finna heildartexta hættusetninga sem tilgreindar eru hér á undan. Sjá kafla 11 til að fá nánari upplýsingar um heilsufarsleg áhrif og einkenni.

2.2 Þættir hættumerkingar

Hættumerki:



Hættuvísbending:

Hætta

Hættusetningar:

Eldfímur vökvi og gufa
Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
Skaðar miðtaugakerfi.
Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Varnaðarsetningar:

Geymist þar sem börn ná ekki til.
Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.
EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITUNARMÍÐSTÖÐ /lækni.
Ekki framkalla uppköst.
Andið ekki að ykkur gufu.
Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Hættuleg innihaldsefni:

Terpentína.

Aðrir hlutar merkimiða:

Á ekki við.

2.3 Annars konar hætta

Aðrar hættur sem leiða ekki til flokkunar

Ekki fyrirliggjandi.

3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

HEITI	AUÐKENNI	%	F L O K K U N		Gerð
			67/548/EEC	1278/2008 [CLP]	
Terpentína	EB: 265-185-4 CAS: 64742-82-1 Index: 649-330-00-2 REACH: 01-2119458049-33-XXXX	50 - 100	H10 Xn; H65 H66, H67 N; H51/53	Flam. Liq. 3, H226 Asp. Tox 1; H304 Aquatic Chronic 2, H411 STOT RE 1, H372 EUH066	[1] [2]

Það eru engin efni til viðbótar sem samkvæmt núverandi þekkingu birgis eru í þeim styrkleika að þau flokkist hættuleg heilsu eða umhverfi og þurfi þar með að greina frá hér.

Gerð

[1] Efni sem flokkað er hættulegt heilsu eða umhverfi.

[2] Efni sem hefur váhrifsmörk á vinnustað.

[3] Efni stenst mat á þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturrhif (PBT) samkvæmt XIII. viðauka í reglugerð EB nr 1907/2009.

[4] Efni stenst mat á mikilli þrávirkni og mikilli uppsöfnun efna (vPvB) samkvæmt XIII. viðauka í reglugerð 1907/2006.

Vinnuverndarmörk, ef þau eiga við eru listuð upp í kafla 8.

4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á skyndihjálparúræðum

- Almennt** : Ef einkenni eru viðvarandi eða vafi leikur á greiningu skal leita læknis. Aldrei skal gefa meðvitundarlausum aðila eitthvað um munn. Ef viðkomandi missir meðvitund skal setja hann í læsta hliðarlegu og leita læknis.
- Innöndun** : Færið í ferskt loft. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. Ef sjúklingurinn andar ekki, andar óreglulega eða fer í öndunarstopp skal þjálfað starfslið veita öndunarhjálp eða gefa súrefni.
- Snerting við húð** : Fjarlægja skal mengaðan fatnað og skó. Þvoið húð vandlega með sápu og vatni eða notið viðurkennt húðhreinsiefni. Notið EKKI leysiefni eða þynna.
- Snerting við augu** : Athugið og fjarlægið augnlinsur. Skolið umsvifalaust með rennandi vatni í a.m.k. 15 mínútur, haldið augnlokum opnum. Leitið umsvifalaust læknishjálpar.
- Inntaka** : Leitið lækniástoðar tafarlaust ef inntaka hefur átt sér stað og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. EKKI framkalla uppköst.
- Varnir þeirra sem veita fyrstu hjálp** : Enga aðgerð skal framkvæma sem felur í sér persónulega áhættu eða án þess að viðeigandi þjálfun hafi farið fram. Það getur verið hættulegt fyrir þann aðila sem veitir skyndihjálpi að beita munn við munn aðferðinni. Þvo skal föt sem hafa mengast af efninu vel með vatni áður en þau eru fjarlægð eða nota hanska.

4.2 Mikilvægustu einkenni og áhrif, bæði í bráð og síðbúin

Möguleg bráðahætta á heilsu

- Snerting við augu** : Engin þekkt veruleg áhrif eða bráðahætta
- Innöndun** : Getur valdið sljóleika og svima.
- Snerting við húð** : Veldur fituskerðingu á húð. Getur valdið húðþurrki og ertingu í húð.
- Inntaka** : Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.

Merki / einkenni váhrifa

- Snerting við augu** : Engar sérstakar upplýsingar.
- Innöndun** : Alvarleg einkenni geta verið; uppköst, höfuðverkur, sljóleiki, svimi.

- Snerting við húð : Hugsanlegar aukaverkanir eru m.a. : Ertandi áhrif, þurrkur, sprungumyndun.
- Inntaka : Hugsanlegar aukaverkanir eru m.a. : Ógleði eða uppköst.
- 4.3 Ábendingar um tafarlausa læknishjálp og sérstaka meðferð sem þörf er á**
- Athugasemdir : Meðhöndlið í samræmi við einkenni. Hafið samband við sérfræðing í
ætlaðar lækni eiturefnum umsvifalaust ef mikið magn hefur verið tekið inn eða andað að sér.
- Sérstök : Engin sérstök meðferð.
meðhöndlun

5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkviefni

- Viðeigandi : Alkóhólþolin froða, koldíoxíð, duft eða vatnsúði.
slökkviefni
- Óhentug : Sprautun með vatni.
slökkviefni

5.2 Sérstök hættu sem stafar af efni eða efnablöndu

- Hættu sem stafar : Eldfímur vökvi. Við eld eða hitun mun þrýstingur aukast og umbúðir geta opnast
af efninu eða með hættu á sprengingu. Rennsli í niðurföll geta valdið eld- og spengihættu.
blöndunni
- Hættuleg : Niðurbrotsefni geta innihaldið: Kolmónoxíð, koldíoxíð.
niðurbrotsefni

5.3 Ráðleggingar fyrir slökkvilið

- Sérstakar varnar- : Þrjótist eldur út skal strax einangra svæðið og fjarlægja alla sem eru í nánd við
aðgerðir fyrir svæðið. Ekki skal gera neitt sem er manni hættulegt eða hefur ekki verið þjálfað.
slökkviliðsmenn Fjarlægið ílát frá svæðinu ef það er mögulegt án þess að skapa hættu. Lokuð ílát
sem lenda í eldi skal kæla með vatni. Efnið er skaðlegt vatnalífverum. Gætið
þess að rennsli frá slökkvistað komist ekki í niðurföll eða vatnsfarvegi.
- Sérstakur hlífðar- : Slökkviliðsmenn skulu bera viðeigandi hlífðarbúnað og lofttengdan
búnaður fyrir öndunarbúnað (SCBA) með lokaða andlitsgrímu sem stillt er á jákvæðan þrýsting.
slökkviliðsmenn Klæðnaður slökkviliðsmanna (þar með talið hjálmur, hlífðarsígvél og hanskar)
skulu vera í samræmi við Evrópustaðal EN 469 og verður undirstöðubúnaður til
að sinna efnaslysum.

6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

- Ætlað starfsfólki : Ekki gera neitt sem er manni hættulegt eða hefur ekki verið þjálfað. Metið
sem vinnur ekki umlykjandi svæði. Haldið óvörðu og óþörfu fólk frá. Snertið ekki eða gangið um
við neyðar- efni sem hellst hefur niður. Lokið af neistagjafa og annað sem kann að valda
þjónustu íkveikju. Forðist innöndun gufu. Tryggið góða loftræstingu.
- Fyrir bráðaliða : Ef nauðsynlegt er að klæðast sérhönnuðum fatnaði til að eiga við lekann skal leita
upplýsinga í lið 8 varðandi hentug og óhentug efni. Sjá einnig upplýsingar í lið 8

um frekari upplýsingar um varnaðaraðgerðir.

- 6.2 Varúðar-ráðstafanir vegna umhverfis** : Gætið þess að spilliefnin komist ekki í niðurföll eða vatnsfarvegi. Ef efnið kemst í niðurföll eða vatnsfarvegi skal hafa samband við viðeigandi yfirvöld. Vatnsmengandi efni. Getur verið hættulegt umhverfinu ef það sleppur út í miklu magni.
- 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar** : Stöðvið leka án áhættu. Flytjið ílát burt frá mengunarsvæði. Nálgist útlosunina með vindinn í bakið. Komið í veg fyrir að efnið berist í fráveitur, vatnsrásir, kjallara og lokuð rými. Þvottavatn skal koma til aðila sem meðhöndlar útrennsli eða gera eftirfarandi: Hindrið útbreiðslu og hreinsið upp með óbrennandi ísogsefni t.d. sandi, jarðvegi, vermikúlíti eða kísilkúr sem síðan er fargað í samkvæmt gildandi reglugerðum. Notið neistafrí og sprengifrí tæki. Mengað ísogsefni getur haft í för með sér sömu hættu og efnið sem helltist niður.
- 6.4 Tilvísun í aðra liði** : Sjá lið 1 til að fá upplýsingar um neyðarhjálp.
Sjá lið 8 til að sjá upplýsingar um viðeigandi persónuhlífar.
Sjá lið 13 til að fá frekari upplýsingar um meðferð úrgangs.

7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla

- 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun** : Koma skal í veg fyrir myndun gufu í lofti í þeim styrkleika sem getur verið eldfimur eða sprengifimur og forðast skal að styrkur gufu fari yfir leyfileg mengunarmörk. Að auki ætti aðeins að nota vöruna á svæðum þar sem óvarin ljós og aðrir neistagjafar hafa verið fjarlægð. Rafbúnaður skal varinn samkvæmt gildandi stöðlum. Blandan hleður sig mögulega stöðurafmagnni. Notið ávallt jarðtengingar þegar flutt er úr einu íláti í annað. Starfsmenn ættu að nota afrafmagnandi fatnað og skó og gólf ættu að vera með þekju úr leiðandi efni. Haldið frá hita, neistum og eldi. Notið ekki verkfæri sem mynda neista. Forðist snertingu við húð og augu. Forðist innöndun ryks, agna eða gufu sem myndast við notkun þessarar blöndu. Forðist innöndun ryks frá þússun. Að borða, drekka og reykja skal bannað á svæðum þar sem þetta efni er meðhöndlað, geymt eða unnið. Notið viðeigandi hlífðarbúnað (sjá lið 8). Beitið aldrei þrýstingi við tæmingu. Ílátið er ekki þrýstihylki. Geymið alltaf í íláti úr sama efni og upprunalega ílátið. Farið að lögum um öryggi og heilsufar á vinnustað.
Upplýsingar um bruna og sprengivarnir.
Gufur efnisins eru þyngri en loft og breiðast því út með gólfi. Gufur geta myndað sprengifima blöndu með andrúmslofti.
- 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. mögulega ósamrýmanleika** : Geymist í samræmi við lög og reglugerðir.
Athugasemdir varðandi samtímis geymslu.
Haldið frá: Oxandi efnum, sterkum lút, sterkum sýrum.
Frekari upplýsingar um geymsluaðstæður.
Farið eftir varúðarleiðbeiningum á umbúðamiða. Geymið á þurru, svölu og vel loftræstu svæði. Geymið fjarri íkveikjuvöldum. Reykingar bannaðar. Komið í veg fyrir óheimilaðan aðgang. Ílát sem hafa verið opnuð verður að loka vandlega og halda uppréttum til að koma

í veg fyrir leka.

7.3 Sérstök notkun

Ráðleggingar : Ekki fyrirbyggjandi.

Sérstakar
ráðleggingar í
iðnaði : Ekki fyrirbyggjandi.

8. LIÐUR: Takmörkun váhrifa / persónuhlífar

8.1 Viðmiðunarbreytur

Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi

Hættumörk samkv. Reglugerð nr. 390/2009

Heiti	Meðalgildi (8 klst.)		Þakgildi	
	ppm	mg/m ³	ppm	mg/m ³
Terpentína	25	145	-	-

Ráðlagðar verk- : Ef þessi vara inniheldur efni með viðmiðunarmörk fyrir váhrif getur verið nauðsynlegt að kanna með eftirliti á vinnustað og hvort fullnægjandi loftræstibúnaður eða annars konar ráðstafanir séu til staðar og / eða hvort nauðsyn beri til að nota öndunargrímur. Vísa skal til Evrópustaðals EN 689 – Leiðbeiningar um mat á váhrifum við innöndun á efnasamböndum og gildandi leiðbeiningar um aðferðir til að greina hættuleg efni.

Afleidd áhrifaleysismörk

Engin DNEL-gildi til staðar.

Forskráður hrifstyrkur

Engin PNEC-gildi til staðar.

8.2 Váhrifavarnir

Viðeigandi : Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Notið staðbundna loftræstingu og almenna loftræstingu til að halda magni af gufu og ryki í lofti vel undir viðeigandi stjórntækni markgildum. Notið einvörðungu sprengiheldan loftræstibúnað.

Persónulegar varnarráðstafanir

Hreinlætis- : Þvoið hendur, handleggi og andlit vel eftir meðhöndlun efnavara, áður en fæðu ráðstafanir eða drykks er neytt, fyrir reykingar, áður en farið er á snyrtingu og í lok vinnutíma. Beita skal viðeigandi aðferðum við að fjarlægja fatnað sem kann að hafa mengast. Þvoið föt sem mengast hafa af efninu fyrir næstu notkun. Tryggja skal að augnskolunarstöðvar og öryggissturtur séu nálægt staðsetningu hvernar starfstöðvar.

Augn- og andlits- : Nota skal augnhlífar samkvæmt vottuðum staðli þegar hættumat bendir til að slíkt

hlífar sé nauðsynlegt til að forðast að verða fyrir skvettum, loftúða eða ryki.

Húðvörn

Handavörn : Fyrir langvarandi eða endurtekna meðhöndlun skal nota eftirfarandi hanska: Nítríl gúmmí. Hlífðarkrem (barrier creams) geta hjálpað við að vernda þann hluta húðarinnar sem kann að verða fyrir mengun en þau skal þó ekki nota ef efnið hefur þegar borist á húð.

Til að velja hanska af réttri gerð með hliðsjón til efnaþols og gegndræpitíma er rétta að leita ráðgjafar hjá söluaðilum á efnaþolnum hönskum.

Tryggja skal að endanlegt val á hönskum til að meðhöndla þessa vöru miðist við notkunaraðstæður og hættumat notanda.

Líkamsvörn : Hlífðarbúnað fyrir líkamann ætti að velja í samræmi við verkið framundan og hættuna sem fylgir meðhöndlun efnisins. Rétt er að fá samþykki sérfræðings fyrir verklaginu.

Aðrar hlífar fyrir húð : Velja skal viðeigandi skófatnað og hlífðarbúnað fyrir húðina samkvæmt því verkefni sem er fyrir höndum og þeirri áhættu sem það felur í sér. Rétt er að fá samþykki sérfræðings fyrir verklaginu.

Vörn fyrir öndunarfæri : Ef notendur verða fyrir hærri styrk efna en viðmiðunarmörk skal nota viðeigandi öndunarbúnað. Notið öndunargrímu með kola- og ryksíu þegar efninu er sprautað (sambyggð sía A2-P2). Nota skal ferskloftsúnað í þröngum rýmum. Við penslun eða rúllun skal meta hvort nota beri grímu með kolasíu.

Takmörkun vahrifa fyrir umhverfið : Útlosun frá loftræstingu eða verkferlum ætti að yfirfara til að tryggja að hún sé í samræmi við lög um umhverfisvernd. Í sumum tilvikum þarf að koma reykþvottur, síur eða endurbætur á framleiðslubúnaði til að minnka útblástur í þolanlegt horf.

9. LIÐUR: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grundvallareiginleika

Form (fasi)	:	Vökvi
Litur	:	Glær
Lykt	:	Einkennandi
Lyktarþröskuldur	:	Ekki fyrirbyggjandi.
pH	:	Á ekki við
Bræðslu- /frostmark	:	Ekki fyrirbyggjandi
Upphafssuðumark og suðumarksbil	:	150 – 200 °C
Blossamark	:	Lokaður bikar: > 40°C
Uppgufunarhraði	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Eldfimi(fast efni, lofttegund)	:	Á ekki við.
Brunatími	:	Á ekki við.
Brunahraði	:	Á ekki við.
Efri / neðri bruna- og	:	0,67 - 7,6 R% .

spregimörk	
Gufuþrýstingur	: 370 pa
Eðlismassi gufu	: Ekki fyrirbyggjandi.
Eðlismassi	: 0,79 g/cm ³
Leysanleiki	: Óleysanlegt í eftirfarandi efnum: heitu og köldu vatni.
Deilistuðull: n-oktanól/ vatn	: 3,7 – 6,7.
Sjálfsíkveikjuhitastig	: 235°C.
Sundrunarhitastig	: Ekki fyrirbyggjandi.
Seigja	: Ekki fyrirbyggjandi.
Sprengifimi	: Ekki fyrirbyggjandi.
Oxunareiginleikar	: Ekki fyrirbyggjandi.

9.2 Aðrar upplýsingar

Engar frekari upplýsingar.

10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

- 10.1 Hvarfgirni** : Engar upplýsingar úr rannsóknum á hvarfgirni eru tiltækar fyrir þessa vöru eða innihaldsefni hennar.
- 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki** : Varan er stöðug.
- 10.3 Möguleiki á hættulegum efnahvörfum** : Við venjuleg geymsluskiyrði og notkun eiga hættuleg efnahvörf ekki að eiga sér stað.
- 10.4 Aðstæður sem ber að forðast** : Forðist alla íkveikjuvalda (neista eða loga). Ekki beita ílátið þrýstingi, skera, logsjóða, bora, kremja eða láta komast í snertingu við íkveikjuvalda.
- 10.5 Ósamrýmanleg efni** : Hvarfgjarnt eða ósamrýmanlegt við eftirfarandi efni: Oxunarefni.
- 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni** : Við venjuleg geymslu- og notkunarskiyrði ættu hættuleg niðurbrotsefni ekki að myndast.

11. LIÐUR: Eiturefræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Engar upplýsingar eru fyrirbyggjandi um vöruna sjálfa. Blandan hefur verið metin eftir hefðbundinni aðferð tilskipunar um hættuleg efni 1999/45/EB og flokkuð fyrir eiturefnafræðilega eiginleika til samræmis við það. Sjá nánar í liðum 2 og 15.

Váhrif af leysiefnagufum í meiri styrk en uppgefin gildandi viðmiðunarmörk geta haft skaðleg heilsufarsleg áhrif svo sem ertingu á slímhimnu og öndunarfarri og skaðleg áhrif á nýru, lifur og miðtaugakerfi. Leysiefni geta valdið sumum af ofangreindum áhrifum með upptöku gegnum húð. Til einkenna og merkja teljast höfuðverkur, svimi, þreyta, aumir vöðvar, slappleiki og í mjög alvarlegum tilvikum meðvitundarleysi.

Endurtekin eða langvarandi snerting við blönduna getur valdið eyðingu náttúrulegrar fitu húðar sem leiðir til exems án ofnæmis og upptöku gegnum húð. Ef blandan slettist í augu getur það valdið afturkræfum skaða. Inntaka getur valdið ógleði, niðurgangi, uppköstum, ertingu í meltingarfærum og lungnabólgu af völdum efna.

Bráð eiturrif

Vara/ heiti efnisþátta	Niðurstaða	Tegundir	Skammtur	Váhrif
Terpentína	LD50 (inntaka) LD50(húð) LC 50 (innöndun)	Rotta Rotta Rotta	>5000 mg/kg ~ 3400 mg/kg 1,58 – 13,1 mg/L	- 24 klst 4 klst

12. LIÐUR: Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturrif

Vara/ heiti efnisþátta	Niðurstaða	Tegundir	Váhrif
Terpentína	Bráð EL50 4,6 - 100 mg/L	Þörungar	24 klst
Terpentína	Bráð EL50 100 - 200 mg/L	Halafælur	48 klst
Terpentína	Bráð LL50 10 – 100 mg/L	Fiskur	72 klst

Niðurstaða / samantekt: Þessi vara er líkleg til að safnast upp í lífríkinu. Þetta efi er skaðlegt vatnalífverum og hefur langvarandi áhrif.

12.2 Þrávirkni og niðurbrotanleiki

Niðurstaða / Samantekt : Ekki fyrirbyggjandi.

Vara/ heiti efnisþátta	Helmingunartími í vatni	Ljósrof	Lífrænt niðurbrot
Terpentína	-	-	Auðvelt

12.3 Uppsöfnun í lífverum

Vara/ heiti efnisþátta	LogP _{ow}	BCF	Möguleiki

12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi

Ásogsstuðull fyrir jarðveg /vatn (K_{oc}) : Ekki fyrirbyggjandi.

Hreyfanleiki : Ekki fyrirbyggjandi.

12.5 Niðurstöður PBT og vPvB mats

PBT : Ekki fyrirbyggjandi.

vPvB : Ekki fyrirbyggjandi.

12.6 Önnur skaðleg áhrif: Engin þekkt veruleg áhrif eða mikilvæg hættu.

13. LIÐUR: Förgun

Þessi liður inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar.

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Hindrið að efnið komist í niðurföll eða vatnsfarvegi. Vöruleifar og umbúðir eru flokkaðar sem hættulegur úrgangur.

Úrgangsskrá Evrópu (EWC) : 14 06 03 Úrgangsmálning sem inniheldur lífræn leysiefni eða önnur hættuleg efni. Ef þessari vöru er blandað saman við annan úrgang getur verið að þessi kóði gildi ekki lengur. Ef blöndun á sér stað við annan úrgang skal tiltaka viðeigandi kóða. Frekari upplýsingar fást hjá eftirlitsaðlila á hverjum stað.

14. LIÐUR : Upplýsingar um flutninga

Flutningur efnis innan athafnasvæðis notanda: Varan skal ávallt flutt í lokuðum umbúðum sem standa uppréttar. Tryggja skal að þeir sem flytja vöruna viti hvernig bregðast skal við ef slys eða leki á sér stað.

Flutningar í samræmi við landslög og ADR flutninga á vegum , RID fyrir flutninga í lestum, IMDG fyrir flutninga á sjó og IATA fyrir flutninga í lofti.

Alþjóðlegar reglugerðir um flutninga.

- 14.1 UN –númer** : 1300
14.2 UN Sendingarheiti : TURPENTINE SUBSTITUT
14.3 UN Hættuflokkar við flutninga : 3



- 14.4 Pökkunarflokkur** : III
14.5 Umhverfishætta : Já
14.6 Sérstakar varúðar-ráðstafanir fyrir notandann : Ekki fyrirbyggjandi.

Viðbótarupplýsingar ADR/RID

: Jarðgangakóði: (D/E)
 Auðkennisnúmer hættuþátta: 30

IMGD : **Emergency schedules (EmS)** F-E, S-E

14.7 Flutningar á lausum efnum samkv. Viðauka II við MARPOL 73/78 og IBC kóða : Ekki fyrirbyggjandi.

15. LIÐUR : Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Reglugerðir/löggjöf um öryggi, heilsu og umhverfi sem varða efnið eða efnablönduna sérstaklega ESB- reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH)**Viðauki XIV – List yfir efni sem eru háð leyfisveitingu****Efni sem þarfnast sérstakrar aðgæslu**

Engin efnispátta eru á skrá.

Viðauki XVII – Takmarkanir á : Á ekki við.

framleiðslu, markaðssetningu

og notkun ákveðinna hættu-

legra efna og efnablandna

15.2 Efnaöryggismat : Ekki fyrirbyggjandi.

16. LIÐUR : Aðrar upplýsingar

Skammstafanir og styttingar : ATE = Bráð eituráhrif, áætluð.
CPL = Reglugerð um flokkun, merkingu og pökkun [Reglugerð (EB) nr. 1272/2008].
DNEL = Afleidd áhrifaleysismörk.
EUH fullyrðing = CLP sérstök hættufullyrðing.
PNEC = Áætlaður efnastyrkur sem engin áhrif hefur.
RRN = REACH skráningarnúmer.

Heildartexti styttra H setninga:

H226 Eldfimir vökvi og gufa.
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
H372 Skaðar miðtaugakerfið.
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
EUH 066 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Heildartexti flokkunar [CLP/GHS]

Flam. Liq. 3, H226 ELDFIMIR VÖKVAR - Flokkur 3
Asp. Tox. 1, H304 HÆTTULEGT ÖNDUN – Flokkur 1
STOT RE 1, H372 STERK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI - Flokkur 1
Aquatic Chronic 2, H411 HÆTTULEGT FYRIR VATNSUMHVERFI – Flokkur 2

Heildarlisti yfir hættusetningar sem vísað er til í lið 2 og 3.

H10 – Eldfimt
H65 – Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.
H 51/53 – Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
H66 – Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
H67 – Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Heildartexti flokkunar : Xn – Hættulegt heilsu
(DSD/DPD) N – Hættulegt umhverfinu

Dagsetning útgáfu/ : 14.04.2015
endurskoðunar

Dagsetning fyrri útgáfu : 07.01.2013

Þetta öryggisblað er unnið í samræmi við reglugerð EB nr. 1907/2006

Vöruna skal ekki nota í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í 1. hluta, án undangengins samráðs við framleiðanda og að fenginni skriflegri verklýsingu.

Þar sem aðstæður við notkun vörunnar eru utan umráða framleiðanda er notandi ábyrgur fyrir því að kröfum viðeigandi reglugerða sé fullnægt.

Upplýsingar í þessu öryggisblaði byggja á þeirri þekkingu sem til staðar er við útgáfu þess og þeim reglugerðum sem í gildi eru á útgáfudegi öryggisblaðsins. Öryggisblaðið veitir leiðbeiningar um þá þætti sem lúta að heilsufari, öryggi og umhverfi í tengslum við vöruna og ber að skoða í ljósi þess en ekki sem tryggingu fyrir gæðum vörunnar eða notagildi hennar við tilteknar aðstæður.